



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 20. janúar 2004

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 37. fundar þriðjudaginn 20. janúar 2004 kl. 17,00 að Fremstagili.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 69. fundar bæjarráðs frá 18. desember 2003.
2. Fundargerð 70. fundar bæjarráðs frá 8. janúar 2004.
3. Fundargerð 71. fundar bæjarráðs frá 15. janúar 2004.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 69. fundar bæjarráðs frá 18. desember kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð 70. fundar bæjarráðs frá 8. janúar kynnt og tekin til umræðu. Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða vegna 3. liðar er fjallar um húsaleigubætur. *“Bæjarstjóra falið að gera úttekt á stöðu og þróun húsaleigubóta og leggja fram á næsta fundi bæjarráðs”*. Fundargerðin þá borin undir atkvæði og var hún samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð 71. fundar bæjarráðs frá 15. janúar sl. kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið.

Jóna Fanney Friðriksdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Auðunn Sigurðsson
Valdimar Guðmannsson

Valgarður Hilmarsson
Hjördís Blöndal
Þórdís Hjálmarsdóttir
Ágúst Þór Bragason